


# Hin „vakandi“ þjóð vill ekki TTIP, CETA og TiSA – Austurríki krefst þjóðaratkvæðagreiðslu

**Í dag, þann 23. janúar hefst í Austurríki með hinni svonefndu innritunarviku, mikilvægur kafli þjóðarkröfu gegn TTIP, CETA og TiSA. Viðræður um fríverslunarsamninginn TTIP milli USA og ESB hafa farið fram frá 2013 og alltaf bak við luktar dyr, sem þýðir á venjulegu máli: markvisst án opinberrar umræðu.**

Í dag, þann 23. janúar hefst í Austurríki með hinni svonefndu innritunarviku, mikilvægur kafli þjóðarkröfu gegn TTIP, CETA og TiSA. Viðræður um fríverslunarsamninginn TTIP milli USA og ESB hafa farið fram frá 2013 og alltaf bak við luktar dyr, sem þýðir á venjulegu máli: markvisst án opinberrar umræðu. CETA er hinsvegar samkomulag sem nú þegar ríkir milli ESB og Kanada. TiSA kemur reglu á þjónustuviðskiptin og nú standa viðræður yfir milli 23 landa, þar á meðal USA og Evrópusambandsins.
Hvernig kom til þessa þjóðarátaks gegn þessum þrem samningum?
Sex borgarstjórar í Neðra-Austurríki stofnuðu í mai 2016 félagið „Gegn TTIP, CETA & TiSA“ og hófu kröfuna um þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfarið.
Atkvæðagreiðslan snúist um kröfuna að austurríska Þjóðþingið eigi að samþykkja stjórnarskrárbreytingu sem bannar austurrískum stofnunum, að skrifa undir, leyfa eða gera fríverslunarsamninga við USA (TTIP) og Kanada (CETA) ásamt þjónustusamningunum TiSA.
Hið breiða samþykki fólks í Austurríki við þessa kröfu varð vel sýnilegt strax í upphafi innleiðingarferlis átaksins því þar söfnuðust yfir 40 þúsund stuðningsyfirlýsingar. Það er í raun fimmfaldur fjöldi atkvæða sem til þarf til að hefja þjóðarkvæðagreiðslu í Austurríki. Til að atkvæðagreiðslan fái síðan umfjöllun á austríska þinginu verða samtals 100.000 undirskriftir að nást saman á innritunarvikunni.
Frá sjónarhorni upphafsmanna þjóðarkröfunnar er einmitt rétti tíminn núna fyrir þetta því kosningar um CETA eiga að fara fram í febrúar 2017 hjá ESB ráðinu (EU-Parlament). Fái samningurinn samþykki ESB-ráðsins taka þeir hlutar samningsins gildi sem heyra undir valdasvið ESB. En að fengnu samþykki ESB-ráðsins verða þing allra þátttökuríkja ESB hvert um sig að kjósa um CETA. Því fyrst þegar öll þingin hafa veitt samþykki sitt tekur CETA endanlega gildi. Þetta þýðir að hvert einstakt land, líka Austurríki, getur stöðvað CETA með þingkosningu.
Sérhver kosningabær, austurrískur borgari hefur möguleikann að undirrita þjóðarkröfuna á öllum bæjarstjórnar- og hverfaskrifstofum á tímabilinu 23. til 30. janúar. Eins er hægt að skrifa undir á laugardögum og sunnudögum milli 08:00 og 14:00.
Í næstu viku kemur önnur útsending á Klagemauer.tv í tengslum við þetta þjóðarátak. Og hér við lok þessarar útsendingar eru enn nákvæmari upplýsingar um CETA, TTIP og TISA að fá.

**eftir mw.**

## Heimildir:

http://www.volksbegehren.jetzthttps://de.wikipedia.org/wiki/Transatlantisches_Freihandelsabkomme
nhttps://de.wikipedia.org/wiki/Comprehensive_Economic_and_Trade_Agreementhttps://de.wikipedia.

org/wiki/Trade_in_Services_Agreementhttp://www.ots.at/presseaussendung/OTS_20160503_OTS0227/initiative-volksbegehren-gegen-ttip-ceta-und-tisa-startethttp://noe.orf.at/news/stories/2792475http://derstandard.at/2000044721039/Ceta-Auswirkung-von-nationalem-Njet-waere-juristisches-Neulandhttp://derstandard.at/2000050514037/EU-Parlament-verschiebt-Votum-zu-Ceta-erneuthttp://diepresse.com/home/innenpolitik/5084325/Volksbegehren-Gegen-TTIPCETA

**Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:**

---

**Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...**

- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

**Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið þitt færðu hér:** **www.kla.tv/abo-is**

**Ábending öryggisins vegna:**

Mótraddir eru því miður æ oftar þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

**Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér:** **www.kla.tv/vernetzung&lang=is**

*Licence:* *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í.
Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.